

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Borgatúni 26  
105 Reykjavík

Mál nr. 254/2023

Reykjavík, 18. desember 2023

## Endurmat á virkjunarkostum úr 3. áfanga rammaáætlunar - drög að tillögum verkefnastjórnar

### Héraðsvötn

Landvernd tekur heilshugar undir niðurstöðu verkefnisstjórnar rammaáætlunar um að friða Héraðsvötn fyrir virkjunum, eins og upphaflega var lagt til. Í álit meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis er sérstaklega vísað til mögulegs ofmats á áhrifum fyrirhugaðra virkjana á vistgerðir, einkum flæðiengjar á láglandi. Kallað var eftir að óvissu um raunveruleg áhrif viðkomandi virkjunarkosta á þau viðföng sem til staðar eru væri eytt. Engin ný gögn hafa komið fram í málinu síðan í 3. áfanga. Eftir að skýrsluhöfundar rýndu aftur fyrri gögn og heimsóttu svæðið mátu þeir, eins og áður, verðmæti alls vatnasviðs Héraðsvatna mjög mikið.

„ • Náttúruverndargildi Héraðsvatna er mjög hátt enda meðal umfangsmestu flæðiengja landsins. Þetta endurspeglast í því að svæðið hefur fengið sérstaka stöðu m.t.t. náttúruverndar, bæði innanlands og alþjóðlega, m.a. vegna mikilvægi svæðisins fyrir fugla og líffræðilega fjölbreytni.

• Lífverusamfélög og vistkerfi flæðiengjanna hafa þróast í takt við reglubundnar sveiflur í umhverfinu. Aurinn sem berst með flóðum sem veita vatni á landið er vistfræðilega mikilvægur fyrir flæðiengjarnar og forsenda fyrir því að þær geti viðhaldið sér

• Vatnsmiðlun vegna virkjunarframkvæmda hefur mikil og ófyrirsjáanleg áhrif á eðli flóða í vatnakerfinu en þau eru grundvöllur vistkerfis flæðiengjanna.

• Flæðiengjar í Skagafirði eru hluti af stærri vistfræðilegri heild og því mikilvægt að huga að því þegar horft er til verðmætamats og mögulegra áhrifa aðgerða á vatnasvið Héraðsvatna.

• Orravatsrústir sem eru efst á vatnasviði Héraðsvatna hafa hátt náttúruverndargildi ekki sist vegna rústamýra sem teljast alþjóðlega verndarþurfi og eru fremur sjaldgæfar hérlendis.

Lokaorð Niðurstæða höfunda greinargerðar um endurmat á niðurstöðu faghóps 1 í 3. áfanga rammaáætlunar á virkjunarkostum í Héraðsvötnum er að verðmæti vatnasviðs Héraðsvatna sé mjög hátt og hafi þar að leiðandi mikið náttúruverndargildi. Það er einnig álit höfunda að fyrirhugaðir virkjunarkostir myndu hafa mikil áhrif á vistkerfi og vistgerðir með hátt verndargildi. Við erum sammála álit erlends sérfræðings sem fenginn var til að meta niðurstöður faghóps 1 í 3. áfanga um að ekki sé um ofmat að ræða á mögulegum áhrifum virkjunarhugmynda á vistkerfi svæðisins, þ.m.t. flæðiengjar á láglandi.“

Kjalölduveita

Landvernd tekur heilshugar undir niðurstöðu Verkefnastjórnar rammaáætlunar 5 um að tillaga að Kjalölduveitu hafi hlotið lögmæta málsmeðferð í rammaáætlun 3 og fullnægjandi fagleg meðferð í samræmi við ákvæði laganna skuli standa óhöggud

Kjalölduveita myndi raska vestari hluta Þjórsárvera. Stækkun friðlýst svæðis frá 2017 styrkir enn rökin fyrir því að hafna henni endanlega. Friðlýsing ætti að stækka og ná yfir stórfossa Þjórsár, Dynk og fleiri. Það væri í samræmi við niðurstöðu rammaáætlunar 2, að friðlýsa farveg Þjórsár að Sultartangalóni og aðliggjandi vatnasvið.

Í [drögum að Landskipulagsstefnu innviðaráðherra](#) sem nú er til umsagnar er rætt um nauðsyn þess að vernda verðmæt víðerni og landslagsheildir. Víðernin vestan Þjórsár á Gnúpverjafrétti eru dæmigerð fyrir slíka landslagsheild, ósnortin og viðkvæm. Þar eiga orkumannvirki ekki heima og er vísað til þess að nú hafa víðerni fengið aukið vægi í stefnu stjórnvalda. Mikilvægt er að Alþingi fylgi þessum ráðum eftir.

### Skrokkölduvirkjun

Landvernd tekur undir öll varnaðarorð verkefnisstjórnar Rammaáætlunar um Skrokkölduvirkjun. Þessi virkjun dregur úr undirstöðum að hálandisþjóðgarði og hefur neikvæð áhrif á stofnun hans á tímum þar sem verðmæti víðerna fara vaxandi. Hratt hefur gengið á víðerni og landslag með lítt spilltri náttúru í heiminum á undanföllum áratugum. Ekki sér fyrir endann á því mikla raski með Skrokköldu einni, því sunnlensk sveitarfélög hugsa sér nú að nota tækifærið, til að fara í uppbyggingu inni á miðhálandinu sem eru í andstöðu við þá stefnu að halda svæðinu ósnortnu eins og kveðið er á um í gildandi Landskipulagsstefnu. Um er að ræða uppbyggða vegi og fjölbreytileg mannvirki. Fyrirhuguð Skrokkölduvirkjun hefði því áhrif á framtíðarvirði svæðisins, bæði með tilliti til friðlýsingar og frekari nýtingar svæðisins til útivistar og ferðamennsku. Þótt Skrokkölduvirkjun sé ekki orðuð sérstaklega í tilnefningu UNESCO um Vatnajökulsþjóðgarð, segir þó að frekari áform um vatnsaflsvirkjanir á svæðinu skerði þessa möguleika. Enn verri eru áhrifin á miðhálandisþjóðgarð, enda Skrokkalda nærri miðju landsins.

*„Í tilnefningu UNESCO kemur fram að Vatnajökulsþjóðgarði og umhverfi hans stafi ógn af frekari áformum um vatnsaflsvirkjanir. Hvorki var þó talið nauðsynlegt að skilgreina sérstök varnarsvæði (buffer zone) umhverfis þjóðgarðinn né stækka hann til að viðhalda því verndargildi sem tilnefning hans sem heimsminjasvæðis byggir á (OUV, Outstanding Universal Value). Þar skipti einnig máli mikil stærð hans og sú verndun sem aðliggjandi svæði njóta í lögum um náttúruvernd og lögum um vernd og orkunýtingu landsvæða 42 (rammaáætlun) (IUCN 2019). Í umsókninni var sérstaklega tekið fram að rammaáætlun (1999 -2016) hefði lagt til að vatnasvið Skjálfandaflljóts, Tungnaár og Djúþár, sem allar eiga upptök í Vatnajökli, yrðu sett í verndarflokk rammaáætlunar og á meðfylgjandi korti (bls. 230) var Skaftá einnig merkt í því sambandi (Snorri Baldursson o.fl. 2018). Hvergi var minnst á Skrokkölduvirkjun. Skrokkölduvirkjun myndi því væntanlega ekki hafa áhrif á verndargildi þjóðgarðsins sem tilnefning og skráning hans á heimsminjaskrá UNESCO byggir á. Hins vegar myndi Skrokkölduvirkjun hafa neikvæð áhrif á stofnun miðhálandisþjóðgarðs og höggva skarð í þá landslagsheild sem þar er enn að finna. Virkjunin yrði nærri miðju landsins og miðju hálandisins og fer því ekki vel saman við hugmyndina um miðhálandisþjóðgarð.“*

### Virkjanir í neðri hluta Þjórsár. Hvamms- Holta- og Urriðafossvirkjun.

Landvernd tekur allar þessar virkjanir saman í umsögn sinni, af því lofað var í nefndaráliti þegar rammaáætlun var samþykkt að þær ætti að meta saman, enda var viðurkennt að samfélagsáhrif hefðu ekki verið könnuð. Þau eru mikilvæg, því ágreiningur um virkjanirnar hefur klofið öll samfélög vestan ár og að nokkru austan líka í áraraðir. Sá klofningur hefur ekki minnkað og flest sem gert er eftir á dýpkar hann. Tortryggni gætti sérstaklega í garð könnunarinnar sem nú var gerð, vegna þess að meðal íbúa og hagaðila



voru teknar stikkprufur og fólk sem vildi fá að vera með og átti ríka hagsmuni fékk það ekki. Þá var fólki ekki ljóst við úthringingarnar hvort erindið væri á vegum ráðuneytis eða rammaáætlunar og það vakti furðu fólks, að vera spurt um það sérstaklega hvort það væri félagar í Náttúruverndarsamtökum. Það sem haft er eftir einum viðmælanda í könnuninni lýsir vel líðan fólks, þar sem augljóslega er ríkjandi álit að náttúran í nærumhverfi fólks bíði tjón af framkvæmdunum og þá vill fólk að fórnarkostnaðurinn sé veginn upp á móti ávinningnum á skiljanlegan hátt í góðu samráði við heimafólk og í samræmi við stefnu stjórnvalda um orkunýtingu.

*„Þetta er alltaf spurning á vogaskálarnar, til hvers er verið að virkja, hversu langt á að ganga, hversu miklu ætlum við að fórna til þess að ná þeim árangri. Maður hefði talið æskilegt að stjórnvöld hefðu stefnumörkun í hvað þau ætluðu að nota fórnarkostnaðinn, sem sagt þegar við sökkvum náttúruauðlindunum okkar, í hvað ætlum við að nota þá orku? Allt þarf þetta að byggja á bestu mögulegu upplýsingum hverju sinni. Og [auðvitað samráði og] samtali við sveitafólkið.“*

Það er niðurstaða Landverndar að staðan vegna virkjanaáforma í byggð við Þjórsá sé óbreytt, eftir síðasta snúning í endurskoðun faghópa rammaáætlunar. Faghópar fengu mjög afmarkað verkefni að bæta fyrir áður óunna vinnu. Þeir komust að því að fjárhagsávinningur væri af neðri virkjunum tveimur. Þeir komust að því að virkjanirnar þrjár eru umdeildar, en að sveitarstjórnir eru spenntar fyrir þeim fá þær nægan efnahagslegan ávinning. Landvernd telur ekki að sveitastjórnir geti ekki veitt framkvæmdaleyfi ef þær hafi einnig töluverðan fjárhagslegan ávinning. Síðan hefur virkjanaleyfi Hvammsvirkjunar verið fellt úr gildi eftir kæru á grundvelli vatnastilskipunar. Sú tilskipun hlýtur að eiga við neðri virkjanirnar líka. Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að hinn ónefndi sveitamaður sem vitnað er til hér að ofan, fái ósk sína uppfyllta til hvers fórnarkostnaðurinn er. Hvernig mun samfélagið við Þjórsá njóta hans, munu virkjanir í Þjórsá þjóna orkuskiptunum eða fer straumurinn allur inn á kerfið til ýmissa nota í nýja stóriðju og gagnaver? Á meðan 85 prósent orkunnar fara til stórnotenda á sérkjörum og orkan úr Þjórsá gæti farið sömu leið verður andstaðan við virkjanirnar illvíg. Fórnarkostnaður er mikill og ávinningur óljós. Í þeim málum þar sem endurmeta skuli verndargildi náttúrunnar vill Landvernd koma því á framfæri að málefnalegar forsendur náttúruverndar í öllum heiminum hafa styrkst ár frá ári um langan tíma. Því var þessi endurskoðun fyrst og fremst pólitískt leikrit og soun á tíma og fjármunum.

*Með vinsemd og virðingu,  
f.h. stjórnar Landverndar*

*Þorgerður María Þorbjarnardóttir*